

SAMÞYKKT

um fráveitur og rotþrær í Kaldrananeshreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu og rotþrær í Kaldrananeshreppi og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi í hreppnum.

Samþykktin nær til fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli.

Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerða nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, sem og ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og staðsetningu þeirra.

2. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að:

- a. afmarka skyldur sveitarfélagsins hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
- b. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- c. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
- d. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

II. KAFLI

Um fráveitur.

3. gr.

Fráveita Kaldrananeshrepps á Drangnesi er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins. Allar lagnir fráveitunnar eru eign hennar, þ.e. útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufrárennsli að frárennsli húseigna. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Sveitarsjóður kostar framkvæmdir og rekstur fráveitu Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Fráveita Kaldrananeshrepps veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

5. gr.

Þar sem fráveita Kaldrananeshrepps nær til skal fráveitan sjá húseigendum fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn. Sveitarstjórn ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum að lóðarmörkum og tengja þau við fráveituna, í samræmi við lóðaruppdrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru.

Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

7. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Kaldrananeshrepps skal sækja um það til skrifstofu Kaldrananeshrepps.

Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða sem tengja á fráveitunni.

8. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Kaldrananeshrepps séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrri horfs eins og við verður komið.

9. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim.

10. gr.

Þar sem hættu er talin á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárennslislagnir frá húseignum vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

III. KAFLI

Um fráveitugjald.

11. gr.

Sveitarfélagið innheimtir stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá löðamörkum húseigna við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Af þeim fasteignum í Kaldrananeshreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða gjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Fráveitugjald skal þó aldrei vera lægra en lágmarksgjald né heldur hærra en þau mörk sem sveitarstjórn setur í gjaldskrá, sbr. 13. gr.

13. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

14. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald, sbr. heimild í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild í lögum nr. 9/2009 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulitilla elli- og örorkulífeyrisþega.

IV. KAFLI

Um rotþrær og siturlagnir.

15. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Um stærð, gerð og frágang rotþróa í sveitarfélaginu Kaldrananeshreppi fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og um leyfisveitingar, gerð, staðsetningu, frágang og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu fer samkvæmt samþykkt þessari.

16. gr.

Kaldrananeshreppur eða aðili á vegum hreppsins annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. hreinsun rotþróa frá öllu húsnaði í sveitarfélaginu, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Heilbrigðisnefnd annast eftirlit með starfseminni. Hreinsun rotþróa og meðhöndlun seyru er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Sveitarstjórn ákveður tíðni og framkvæmd hreinsunar. Rotþró skal þó ekki hreinsa sjaldnar en á þriggja ára fresti. Heilbrigðisnefnd getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

17. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Kaldrananeshreppi, sem ekki er unnt að tengja við fráveitu sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og siturlögn eða aðra sambærilega hreinsun. Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til sveitarfélagsins til niðursetningar rotþróar eða safntanks. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Rotþró og lagnir eru eign húseiganda og sér hann um viðhald á þeim.

18. gr.

Afrennsli frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar.

19. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsíu innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 10 m. Fjarlægð frá rotþró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minni en 5 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur sveitarstjórn samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir. Að öðru leyti skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um niðursetningu rotþróar og siturlagna.

20. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfríar.

21. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu.

Heimilt er að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki er ástæða til að krefjast safntanks.

22. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki.

23. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá á grundvelli samþykktar þessarar að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til að standa undir kostnaði við hreinsun og tæmingu á rotþró, söfnun

og förgun seyr. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og má aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Málsmeðferð og gildistaka.

24. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna fráveitumála, seyrurhíðu eða hreinsunar rotþróa skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til eftirlitsaðila verksins, sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

25. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

26. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. júlí 2016.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.